



Reykjavík, 23. desember 2013

## ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fjallaði um skýrslu mótanefndar KLÍ um ætlaða ólögmeta notkun á leikmanni í frestuðum leik ÍA-W og ÍR-KLS úr 6.umferð.

Leitað var eftir því hvort túlkun mótanefndar á því hvaða leikmenn eru "löglegir", tiltækir, sé rétt og eðlileg, til að ekki verði til leið fyrir lið til að nota sér frestbeiðnir óeðlilega til að geta spilað leik á öðrum tíma en áætlað er vegna þess að ákveðinn leikmaður eða menn eru ekki tiltækir á réttum tíma.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.e. póstum mótanefndar og reglugerðum KLÍ.

Það er mat nefndarinnar að ekkert í reglugerðum KLÍ styði túlkun mótanefndar um lögmæti leikmanna.

### Úrskurðarorð

Stefán Claessen var löglegur í umræddum leik.

Reynir Þorsteinsson

Þórir Ingvarsson